

# Siglingaklúbburinn Þytur

Stjórnarfundur 09.01. 2001

## Dagskrá

1. Breyting á lögum
2. Nafnabreyting á klúbbum
3. Formannafundur ÍBH
4. Formannafundur SÍL

Fundur settur: 21:06

**Mættir:** Egill Kolbeinsson (EK), Gunnar Geir Halldórsson (GGH), Friðrik Hafberg (FH), Áskell Bjarni Fannberg (ÁBF), Birna Sigbórsdóttir (BS)

### 1. Breyting á lögum

Breyta þarf boðunartíma aðalfunda í 5. Gr úr viku í tvær. Athuga þarf ákvæði um tilgang og markmið félagsins og e.t.v. fleira. BS tekur að sér að lesa yfir lögina og gera tillögur að breytingum.

### 2. Nafnabreyting á klúbbum

EK leggur til að 1. Gr laga félagsins verði breytt þannig að þar standi "Félagið heitir Siglingafélag Hafnarfjarðar Þytur" EK telur að Þytur myndi detta út og eftir stæði

Siglingafélag Hafnarfjarðar. GGH hvort þá ætti ekki að ganga alla leið og sleppa "Þytur". FH og GGH finnst Siglingafélag Hafnarfjarðar stírt. Um málið spinnast miklar umræður. FH telur öll mál flækjast. Þytur er með marga samninga í gangi. ÁBF telur mjög flókið, Þytur er deild innan ÍBH, " myndum skjóta okkur í lappirnar með þessu". GGH telur líkur á því að allt verði vitlaust, þá sé einfaldara að leggja niður félagið og stofna nýtt. Bs finnst nafnið of langt. Samþykkt af meirihluta viðstaddra að breyta þessu ekki.

### 3. Formannafundur ÍBH

ÁBF fer á formannafund 11. Jan. aðspurður um hvað eigi að fjalla um:

- i. Fjalla á um tryggingarmál. Þýskt tryggingafélag er að koma með íþróttatryggingar til Hafnarfjarðar.
- ii. Fjalla á um nefnd sem á að skoða styrkveitingar til íþróttamála.
- iii. Tregðu íþróttafélaganna vegna þess að ÍBH sé að skipta sér af málum íþróttafélaga vegna íþróttaskóla barna
- iv. Óánægja um hvernig bærinn styrkir einstök íþróttafélög sem sé pólitískt en ekki málefnalegt

ÁBF segir að mörg þessi mál séu mjög viðkvæm mál og á von á áttakafundi.

## 1. Formannafundur SÍL

Verður laugardaginn 13. Janúar. Mál á dagskrá verður mótaskrá 2001 og afreksstefna SÍL. EK ber upp hvort Þytur eigi að sækja um Íslandsmót kjölbáta eða Optimista.

ÁBF vill Optimist. FH minnir á að Þytur hafi síðast staðið fyrir kjölbátamóti 1996.

GGH segir að margt vanti s.s keppnisstjórabát, keppnisstjórn og menn með réttindi fyrir svona mót. FH spyr hvort menn séu til í að vinna við þetta en vill fá bæði. GGH telur það myndi auka framkvæmdaviljann í húsinu. Samþykkt samhljóða að sækjast eftir Optimist móti. Og vera auk þess með Secret mót.

## 2. Önnur mál.

EK hefur fengið tilboð í parket og lögn á því. Gegnheilt eikarparket, nótað með lími á kr. 2000 þr fermetra. Samþykkt samhljóða að hafa samráð við arkitekt hússins.

Fleira ekki gert og fundi slitið 22.12

Birna Sigþórsdóttir ( sign )

---